


Sláturfélag Suðurlands svf. - Afkoma á fyrri árshelmingi 2018

Rekstur	2018	2017	2016	2015	2014
Fjárhæðir í m.kr.	jan-jún	jan-jún	jan-jún	jan-jún	jan-jún
Rekstrartekjur	5.881,0	6.234,8	6.235,0	5.711,5	5.756,6
Aðrar tekjur	24,8	7,4	6,0	2,4	11,0
Vöru- og umbúðanotkun	(2.980,9)	(3.424,2)	(3.422,9)	(3.306,7)	(3.469,1)
Laun og tengd gjöld	(1.589,3)	(1.456,0)	(1.327,1)	(1.086,0)	(1.035,3)
Annar rekstrarkostnaður	(959,2)	(953,6)	(859,2)	(794,3)	(731,0)
Afskriftir	(210,1)	(198,6)	(184,6)	(157,0)	(157,2)
Rekstrarhagnaður	166,3	209,8	447,2	369,9	375,0
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага	0,0	0,0	0,0	(4,2)	14,0
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(64,3)	(52,2)	(70,1)	(62,7)	(74,3)
Hagn. fyrir skatta	102,0	157,6	377,1	303,0	314,7
Tekjuskattur	(21,2)	(28,6)	(72,1)	(57,9)	(60,1)
Heildarafkoma tímabilsins	80,8	129,0	305,0	245,1	254,6
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta	374,6	405,0	627,1	525,3	528,5
Efnahagur	30.06.18	30.06.17	30.06.16	30.06.15	30.06.14
Fjárhæðir í m.kr.					
Fastafjármunir	5.750,2	5.327,9	4.637,4	4.213,9	4.006,3
Veltufjármunir	3.123,4	3.469,3	3.426,1	3.438,2	3.236,7
Eignir	8.873,6	8.797,2	8.063,5	7.652,1	7.243,0
Eigið fé	5.234,2	5.144,8	4.467,5	4.205,8	3.804,8
Þar af A og B-deild stofnsjóðs	537,1	525,2	518,4	508,4	495,6
Langtímaskuldir og skuldbindingar	2.226,5	2.123,1	2.181,5	2.135,3	2.282,7
Skammtímaskuldir	1.412,9	1.529,3	1.414,5	1.311,0	1.155,5
Skuldir	3.639,4	3.652,4	3.596,0	3.446,3	3.438,2
Eigið fé og skuldir	8.873,6	8.797,2	8.063,5	7.652,1	7.243,0
Kennitölur					
EBITDA	376,4	408,4	631,8	526,9	532,2
Innra virði	9,7	9,8	8,6	8,3	7,7
Veltufjárhlutfall	2,2	2,3	2,4	2,6	2,8
Eiginfjárhlutfall	59%	58%	55%	55%	53%



Reykjavík, 23. ágúst 2018.

Fréttatilkynning frá Slátturfélagi Suðurlands svf.

Afkoma á fyrri árshelmingi 2018

- **Tekjur á fyrri árshelmingi 5.881 m.kr. og lækka um 6% milli ára.**
- **81 m.kr. hagnaður á fyrri árshelmingi ársins en 129 m.kr. hagnaður árið áður.**
- **EBITDA afkoma var 376 m.kr. en 408 m.kr. árið áður.**
- **Eigið fé 5.234 m.kr. í lok júní og eiginfjárlutfall 59%.**

Árshlutareikningurinn samanstendur af árshlutareikningi Slátturfélags Suðurlands svf. og dótturfélögum þess, Reykjagarði hf. og Hollt og gott ehf.

Hagnaður samstæðu Slátturfélags Suðurlands á tímabilinu janúar til júní 2018 var 81 m.kr. Á sama tímabili árið áður var 129 m.kr. hagnaður. Eigið fé Slátturfélagsins er 5.234 m.kr. í lok júní.

Rekstrartekjur samstæðu Slátturfélags Suðurlands voru 5.881 m.kr. á fyrri árshelmingi ársins 2018, en 6.235 m.kr. á sama tíma árið áður og lækka því um tæp 6%. Aðrar tekjur voru 25 m.kr. en 7 m.kr. árið áður.

Vöru- og umbúðanotkun var 2.981 m.kr. en 3.424 m.kr. árið áður. Launakostnaður hækkaði um rúm 9%, annar rekstrarkostnaður hækkaði um tæpt 1% og afskriftir um tæp 6%. Rekstrarhagnaður án fjármunatekna og fjármagnsgjalda var 166 m.kr., en 210 m.kr. árið áður. Hagnaður fyrir fjármagnsgjöld og afskriftir (EBITDA) var 376 m.kr. en var 408 m.kr. á sama tíma í fyrra.

Fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur voru 64 m.kr., en voru 52 m.kr., á sama tímabili í fyrra. Reiknaður tekjuskattur nam 21 m.kr., en 29 m.kr. árið áður. Hagnaður af rekstri tímabilsins var 81 m.kr. en 129 m.kr. á sama tímabili árið áður. Minni hagnaður skýrist fyrst og fremst af lakari afkomu dótturfélaga og innflutningshluta félagsins.

Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta var 375 m.kr. á fyrri árshelmingi ársins 2018, samanborið við 405 m.kr. fyrir sama tímabil árið 2017. Heildareignir Slátturfélagsins 30. júní voru 8.874 m.kr. og eiginfjárlutfall 59% en 58% árið áður. Veltufjárlutfall var 2,2 á fyrri hluta ársins 2018, en 2,3 árið áður.

Fjárfest var í varanlegum rekstarfjármunum á fyrri árshelmingi 2018 fyrir 420 m.kr. en 519 m.kr. á sama tímabili árið áður. Fjárfest var í fasteignum fyrir 83 m.kr. og vélbúnaði og bifreiðum fyrir 337 m.kr.

Samkvæmt samþykkt aðalfundar félagsins í mars 2018 var í aprílmánuði greiddur 11,73% arður af B-deild stofnsjóðs alls 21 m.kr. og reiknaðir 4% vextir á A-deild stofnsjóðs alls 14 m.kr.

Stjórn og forstjóri staðfestu árshlutareikning samstæðu Slátturfélagsins fyrir tímabilið 1. janúar – 30. júní 2018 með undirritun á stjórnarfundi í dag. Árshlutareikningur samstæðunnar er með könnunarárítun endurskoðenda.

Slátturfélagið er skráð á First North markaðinn hjá NASDAQ OMX. Slátturfélagið birtir upplýsingar um afkomu á sex mánaða fresti. Ráðgert er að birta afkomu ársins 2018 þann 21. febrúar 2019.

Staða og horfur

Fjárhagsstaða Slátturfélagsins er traust með 59% eiginfjárlutfall og veltufjárlutfall 2,2. Langtímatímaskuldir í lok júní 2018 voru 1.765 m.kr. Næsta árs afborganir eru um 77 m.kr. en lán samstæðunnar eru til langs tíma.

Afkoma Slátturfélagsins versnaði milli ára einkum vegna hækkunar á launakostnaði. Innflutningur á kjöti eykst stöðugt. Gert er ráð fyrir að nýr EB tollasamningur muni hafa verulega neikvæð áhrif á innlandan kjötmarkað á næstu árum og því m.a. brýnt að aðlaga kindakjötsframleiðsluna betur að innanlandsmarkaði.

Staða lykilvörunerkjia félagsins í kjötiðnaði er sterk og ímynd félagsins góð á markaði sem rennir stöðum undir frekari uppbyggingu á markaðsstöðu á komandi árum. Samt sem áður er reiknað með erfiðum aðstæðum á kjötmarkaði á næstu árum.



Erfið staða sauðfjárræktar hafði neikvæð áhrif á afkomu búvöruhlu innflutningsdeildar á fyrri árs helmingi. Búvöruhlu innflutningsdeildar hefur byggst upp á undanförunum árum og er að þjónusta bændur með allar helstu rekstrarvörur.

Fjárhagsdagatal

Júlí – desember 2018 uppgjör
Aðalfundur 2019

21. febrúar 2019
22. mars 2019

Frekari upplýsingar veita:

Steinþór Skúlason, forstjóri í síma 575 6000 – steinthor@ss.is

Hjalti H. Hjaltason, fjármálastjóri í síma 575 6000 – hjalti@ss.is